# Sparisjóður Höfðhverfinga

## Ársreikningur 2006

Sparisjóður Höfðhverfinga
Ægissíðu 7
610 Grenivík

Kt. 610269-6569

# Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra ... 3
Áritun óháðs endurskoðanda ........................ 4
Rekstrarreikningur ........................ 5
Efnahagsreikningur ........................ 6
Yfirlit um sjóðstreymi ........................ 8
Skýringar ........................ 9

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur Sparisjóðs Höfðhverfinga er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og á síðasta ári.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður ársins 2006 19,5 millj.kr. en bókfært eigið fé í lok árs nam 169,0 millj. kr. Eiginfjárhlutfall sparisjóðsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 21,8% en samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Stjórn sjóðsins leggur til að greiddur verði 10% arður til stofnfjáraðila á árinu 2007 vegna ársins 2006. Auk þess er lagt til að nýtt verði heimild í lögum um sérstakt endurmat stofnfjár og það hækkað um 5%. Um frekari ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum er vísað til ársreikningsins.

Stofnfé sparisjóðsins nam í árslok 36,6 millj.kr. og skiptist það í 800 hluti sem eru í eigu 80 aðila.

Á árinu störfuðu 5,4 starfsmenn að meðaltali hjá sparisjóðnum í 4,2 stöðugildum og námu launagreiðslur samtals 22,8 millj. kr.

Stjórn Sparisjóðs Höfðhverfinga og sparisjóðsstjóri staðfesta ársreikning sparisjóðsins fyrir árið 2006 með undirritun sinni.

Grenivík, 28 . mars 2007

**Stjórn:**

Jakob H. Þórðarson

Ari Laxdal

Margrét S. Jóhannsdóttir

Jón Þorsteinsson

Heimir Ásgeirsson

**Sparisjóðsstjóri:**

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Sparisjóðs Höfðhverfinga.

## Inngangur

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sparisjóðs Höfðhverfinga fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna svika eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og hæfilegu mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna svika eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2006, efnahag hans 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grenivík, 28. mars 2007

***KPMG Endurskoðun Akureyri hf.***

Árnason Arnarson

Reynir Stefán Leyfsson

# Rekstrarreikningur ársins 2006

| | Skýr. | 2006 | 2005 |
|---|---|---|---|
| **Vaxtatekjur:** | | | |
| Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir | | 31.694.361 | 9.759.478 |
| Vaxtatekjur af útlánum | | 120.717.197 | 117.333.855 |
| Vaxtatekjur af markaðsbréfum | | 2.642.521 | 2.543.120 |
| | 4 | 155.054.079 | 129.636.453 |
| **Vaxtagjöld:** | | | |
| Vaxtagjöld til lánastofnana | | 39.114.363 | 23.944.945 |
| Vaxtagjöld af innlánum | | 65.232.387 | 54.968.155 |
| Vaxtagjöld af víkjandi lánum | | 7.016.702 | 0 |
| | 4 | 111.363.452 | 78.913.100 |
| Hreinar vaxtatekjur | | 43.690.627 | 50.723.353 |
| **Aðrar rekstrartekjur:** | | | |
| Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum | 5,27,28 | 22.433.585 | 21.245.342 |
| Þjónustutekjur | 6 | 11.583.819 | 11.793.418 |
| Þjónustugjöld | | ( 1.808.732) | ( 2.071.347) |
| Gengishagnaður (-tap) | 13 | 6.285.996 | ( 600.562) |
| Ýmsar rekstrartekjur | 14 | 1.630.654 | 38.979.355 |
| | | 40.125.322 | 69.346.206 |
| Hreinar rekstrartekjur | | 83.815.949 | 120.069.559 |
| **Önnur rekstrargjöld:** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 15,16 | 29.071.940 | 27.098.677 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 28.826.797 | 30.661.492 |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 10,3 | 248.919 | 248.918 |
| | | 58.147.656 | 58.009.087 |
| Framlag í afskriftarreikning útlána | 8,25 | ( 6.146.275) | ( 115.635.693) |
| **Hagnaður (tap) ársins** | 36 | 19.522.018 | ( 53.575.221) |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Skýr. | 2006 | 2005 |
|---|---|---|---|
| **Sjóður og kröfur á lánastofnanir:** | | | |
| Sjóður | | 5.894.401 | 2.958.112 |
| Kröfur á lánastofnanir | 20 | 487.708.090 | 127.724.004 |
| | | 493.602.491 | 130.682.116 |
| **Útlán:** | | | |
| Útlán til viðskiptamanna | | 841.998.075 | 883.585.845 |
| Fullnustueignir | | 10.409.624 | 7.607.871 |
| | 21-25 | 852.407.699 | 891.193.716 |
| **Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum:** | | | |
| Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum | 9,26 | 37.390.255 | 31.170.510 |
| Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum | 9,27 | 95.200.359 | 23.395.224 |
| Hlutir í hlutdeildarfélögum | 2,28 | 48.736.297 | 24.311.873 |
| | | 181.326.911 | 78.877.607 |
| **Aðrar eignir:** | | | |
| Rekstrarfjármunir | 10,29 | 11.284.061 | 11.532.980 |
| Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar óinnheimtar tekjur | | 3.682.793 | 20.991.139 |
| | | 14.966.854 | 32.524.119 |
| **Eignir samtals** | | 1.542.303.955 | 1.133.277.558 |

# 31. desember 2006

## Skuldir og eigið fé

| | Skýr. | 2006 | 2005 |
|---|---|---|---|
| **Skuldir við lánastofnanir** | 32 | 37.340.569 | 29.460.045 |
| **Innlán:** | | | |
| Óbundin innlán | | 726.138.913 | 412.651.541 |
| Bundin innlán | 33 | 202.063.617 | 158.032.058 |
| | | 928.202.530 | 570.683.599 |
| **Lántaka** | | 339.165.409 | 321.794.766 |
| **Aðrar skuldir:** | | | |
| Ýmsar skuldir | | 7.879.826 | 6.108.362 |
| Áfallin gjöld | | 7.076.163 | 5.601.880 |
| | | 14.955.989 | 11.710.242 |
| **Víkjandi lán** | 11,34 | 53.679.045 | 50.190.512 |
| **Eigið fé:** | | | |
| Stofnfé | 35 | 36.576.483 | 31.275.683 |
| Varasjóður | | 132.383.930 | 118.162.711 |
| Eigið fé samtals | 36,37 | 168.960.413 | 149.438.394 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 1.542.303.955 | 1.133.277.558 |

**Utan efnahagsreiknings:**

| | Skýr. | 2006 | 2005 |
|---|---|---|---|
| Skuldbindingar vegna viðskiptamanna | 39 | | |

# Yfirlit um sjóðstreymi árið 2006

| | Skýr. | 2006 | 2005 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | |
| Hagnaður (tap) ársins | 36 | 19.522.018 | ( 53.575.221) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Verðbætur, gengismunur og verðleiðréttingar | | ( 30.504.249) | ( 13.162.622) |
| Söluhagnaður | | 0 | ( 12.541.840) |
| Framlag í afskriftareikning útlána | 25 | 6.155.200 | 115.635.693 |
| Aðrir liðir | | ( 18.654.644) | 796.184 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | 23.018.200 | ( 23.083.852) |
| Handbært fé (til) frá rekstri | | ( 463.475) | 14.068.342 |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | |
| Kröfur á lánastofnanir, breyting | | ( 335.273.646) | ( 81.131.436) |
| Útlán, breyting | | 63.909.523 | ( 87.766.419) |
| Markaðsskuldabréf, breyting | | ( 6.219.745) | ( 12.677.543) |
| Hlutdeildarfélög, breyting | | ( 2.390.700) | ( 17.860.972) |
| Fjárfestingarhlutabréf, breyting | | ( 74.935.295) | 62.882.442 |
| Veltuhlutabréf, breyting | | 0 | 21.854.357 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 354.909.863) | ( 114.699.571) |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir, breyting | | 6.761.093 | ( 217.087.282) |
| Innlán, breyting | | 352.517.828 | 137.808.822 |
| Lántaka, breyting | | 18.490.074 | 135.727.391 |
| Ýmsar skuldir, breyting | | 5.283.821 | 3.425.025 |
| Víkjandi lán, breyting | | 3.488.533 | 50.000.000 |
| Greiddur arður af stofnfé | 36 | 0 | ( 2.978.635) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 386.541.349 | 106.895.321 |
| **Breyting á handbæru fé** | | 31.168.011 | 6.264.092 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 36.050.680 | 29.786.588 |
| **Handbært fé í árslok** | 12 | 67.218.691 | 36.050.680 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

*Grundvöllur reikningsskilanna*

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum, að öðru leyti en því að veltuverðbréf eru færð á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður, hann er gerður í íslenskum krónum.

2. Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem sparisjóðurinn hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en hefur ekki yfirráð. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild sparisjóðsins í afkomu hlutdeildarfélaga frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild sparisjóðsins í tapi þeirra hærra en bókfært verð hlutdeildarfélags er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema sparisjóðurinn hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

*Erlendir gjaldmiðlar*

3. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2006. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

*Vaxtatekjur og vaxtagjöld*

4. Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Vaxtatekjur reiknast af kröfum á aðrar lánastofnanir, útlánum og markaðsbréfum. Vaxtagjöld reiknast af skuldum við lánastofnanir, innlánum, lántöku og víkjandi lánum. Hafi útlán verið meira en þrjá mánuði í vanskilum eða metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti af þeim. Tekjur og gjöld sem jafna má til vaxta, svo sem lántökugjöld, eru færð með vaxtatekjum og gjöldum, eftir því sem þau falla til.

*Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum*

5. Undir tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum fellur hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga, ásamt arði af fjárfestingarhlutabréfum. Arður af veltuhlutabréfum er hins vegar færður til tekna með gengismun af veltuhlutabréfum í rekstrarreikningi.

*Þjónustutekjur*

6. Sparisjóðurinn veitir viðskiptamönnum sínum ýmsa þjónustu og hefur af því tekjur. Undir þjónustutekjur falla meðal annars tekjur af ráðgjöf til fyrirtækja og annarra viðskiptamanna. Þjónustutekjur eru færðar í rekstrarreikning sjóðsins þegar þær verða til.

*Útlán*

7. Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í árslok. Verðtryggð útlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2007 og gengistryggð lán miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í árslok 2006.

*Afskriftareikningur útlána*

8. Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfseminni, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Sparisjóðurinn hefur lagt í þennan reikning með hliðsjón af metinni útlánaáhættu hverju sinni. Annars vegar er um að ræða framlag vegna skuldbindinga lánþega sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar framlag til að mæta almennri útlánaáhættu. Hafi útlán verið metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti vegna þeirra. Afskriftareikningurinn er dreginn frá útlánum í efnahagsreikningi.

*Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum*

9. Verðbréfum í eigu sparisjóðsins er skipt í veltuverðbréf og fjárfestingarverðbréf. Til fjárfestingarverðbréfa teljast bréf sem tekin hefur verið formleg ákvörðun um að eiga til lengri tíma en eins árs, en önnur bréf eru flokkuð sem veltuhlutabréf.
Fjárfestingarhlutabréf eru eignfærð á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra. Skráð veltuverðbréf eru eignfærð á markaðsvirði í árslok.

*Rekstrarfjármunir*

10. Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð.

*Víkjandi lán*

11. Sparisjóðurinn hefur gefið út skuldabréf í íslenskum krónum með víkjandi rétti. Bréfin hafa eiginleika eigin fjár að því leyti að þau víkja fyrir öðrum skuldum sparisjóðsins og teljast til eigin fjár við útreikning á eiginfjárhlutfalli, sbr. skýringu 38. Lánin eru færð til skuldar með áföllnum vöxtum og verðbótum í árslok.

*Handbært fé*

12. Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

## Aðrar rekstrartekjur

13. Gengishagnaður (-tap) greinist þannig:

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Veltuskuldabréf | 2.682 | ( 2.378) |
| Gjaldeyristengdar eignir og skuldir | 3.604 | 1.777 |
| Samtals | 6.286 | ( 601) |

14. Ýmsar rekstrartekjur sundurliðast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Söluhagnaður af eignarhlutum í félögum | 0 | 38.673 |
| Aðrar tekjur | 1.631 | 306 |
| Samtals | 1.631 | 38.979 |

## Starfsmannamál

15. Starfsmannafjöldi sparisjóðsins er sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Fjöldi starfsmanna að meðaltali | 5,4 | 5,2 |
| Stöðugildi í lok árs | 4,2 | 4,2 |

16. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Laun | 22.773 | 19.502 |
| Launatengd gjöld | 6.299 | 7.597 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 29.072 | 27.099 |

17. Laun og þóknanir til stjórnar og sparisjóðsstjóra sundurliðast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Sparisjóðsstjóri, Jón Helgi Pétursson | 0 | 7.117 |
| Sparisjóðsstjóri, Ingvi Þór Björnsson | 8.671 | 3.970 |
| Stjórnarformaður | 720 | 680 |
| Aðrir stjórnarmenn (4) | 1.470 | 1.300 |
| Samtals | 10.861 | 13.067 |

18. Sparisjóðurinn hefur veitt stjórnarmönnum og sparisjóðsstjóra lán og nema þau 13,3 millj. kr. í árslok 2006. Í framangreindum fjárhæðum eru lán til atvinnurekstrar stjórnarmanna ekki meðtalin. Lánskjör eru hliðstæð og gerist við sambærilegar lánveitingar til annarra viðskiptamanna sparisjóðsins.

19. Þóknun endurskoðenda sparisjóðsins sundurliðast þannig:

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Endurskoðun ársreiknings | 1.021 | 863 |
| Innri endurskoðun | 1.933 | 0 |
| Önnur þjónusta | 1.384 | 1.767 |
| Samtals | 4.338 | 2.630 |

## Kröfur á lánastofnanir

20. Kröfur á lánastofnanir sundurliðast þannig:

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Gjaldkræfar kröfur | 71.927 | 57.648 |
| Yfir 3 mánuði og allt að ári | 402.233 | 56.539 |
| Bundnar kröfur á Icebank hf. samkv. reglum um bindiskyldu | 13.548 | 13.537 |
| Samtals | 487.708 | 127.724 |

## Útlán

21. Útlán til viðskiptamanna sundurliðast þannig eftir útlánsformum:

| | | |
|---|---|---|
| Yfirdráttarlán | 182.343 | 207.331 |
| Afurða- og rekstrarlán | 57.838 | 57.852 |
| Víxlar | 11.243 | 15.410 |
| Skuldabréf | 590.574 | 602.993 |
| Samtals | 841.998 | 883.586 |

22. Útlán flokkast þannig eftir lántakendum:

| | | |
|---|---|---|
| Bæjar og sveitarfélög | 1,8% | 1,4% |
| Atvinnugreinar | | |
| Landbúnaður | 12,1% | 5,0% |
| Sjávarútvegur | 1,1% | 2,0% |
| Verslun | 2,4% | 3,6% |
| Iðnaður og verktakar | 3,9% | 8,5% |
| Þjónusta | 2,8% | 1,0% |
| Einstaklingar | 75,9% | 78,5% |
| Samtals | 100,0% | 100,0% |

23. Útlán til viðskiptamanna greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

| | | |
|---|---|---|
| Gjaldkræf útlán | 16.342 | 93.017 |
| Allt að 3 mánuðir | 21.751 | 67.870 |
| Yfir 3 mánuðir og allt að ári | 81.227 | 65.103 |
| Yfir 1 ár og allt að 5 árum | 199.236 | 175.818 |
| Yfir 5 ár | 523.442 | 481.778 |
| Samtals | 841.998 | 883.586 |

24. Heildarfjárhæð óvaxtaberandi útlána greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Útlán sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir | 245.657 | 295.287 |
| Sérstakur afskriftareikningur útlána | ( 203.961) | ( 184.224) |
| Önnur vaxtalaus útlán | 26.341 | 48.573 |
| Óvaxtaberandi útlán samtals | 68.037 | 159.636 |

## Aðrar eignir

29. Rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Húseignir og lóðir | Húsbúnaður skrifstofuáhöld | Samtals |
|---|---|---|---|
| Stofnverð 1.1.2006 | 12.446 | 5.975 | 18.421 |
| Afskrifað áður | 1.511 | 5.377 | 6.888 |
| Afskrifað á árinu | 29 | 220 | 249 |
| Afskrifað samtals | 1.540 | 5.597 | 7.137 |
| Bókfært verð 31.12.2006 | 10.906 | 378 | 11.284 |
| Afskriftarhlutföll | 2% | 20-33% | |

Fasteignamat húseigna og lóða nam í árslok 56,3 millj. kr. Brunabótamat húseigna nam á sama tíma 170,9 millj. kr. Vátryggingarverð húsbúnaðar og skrifstofuáhalda var 12,3 millj. kr. í árslok.

## Eignir og skuldir háðar verðtryggingu eða gengisáhættu

30. Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna nam 745 millj. kr. í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 588 millj. kr.

31. Heildarfjárhæð eigna í erlendum gjaldmiðlum nam 89 millj. kr. í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 36 millj. kr.

## Skuldir við lánastofnanir

32. Skuldir við lánastofnanir sundurgreinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Yfir 3 mánuðir og allt að ári | 172 | 1.244 |
| Yfir 1 ár og allt að 5 árum | 36.856 | 27.400 |
| Yfir 5 ár | 313 | 816 |
| Samtals | 37.341 | 29.460 |

## Innlán

33. Bundin innlán sundurgreinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

| | | |
|---|---|---|
| Allt að 3 mánuðir | 28.483 | 63.859 |
| Yfir 3 mánuðir og allt að ári | 36.067 | 30.865 |
| Yfir 1 ár og allt að 5 árum | 103.602 | 38.038 |
| Yfir 5 ár | 33.912 | 25.270 |
| Samtals | 202.064 | 158.032 |

## Víkjandi lán

34. Verðtryggð lán, vextir 6,5%, gjalddagi 2011 ........ 53.679

25. Afskriftareikningur útlána greinist þannig:

| | Afskriftareikningur Sérstakur | Afskriftareikningur Almennur | 2006 Samtals | 2005 Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Afskriftareikningur útlána í byrjun ársins | 184.224 | 19.529 | 203.753 | 87.602 |
| Framlag í afskriftareikning á árinu | 4.835 | 1.311 | 6.146 | 115.636 |
| Endanlega töpuð útlán | ( 55.447) | 0 | ( 55.447) | ( 10) |
| Innkomið áður afskrifað | 14.902 | 0 | 14.902 | 525 |
| Afskriftareikningur útlána í lok ársins | 148.514 | 20.840 | 169.354 | 203.753 |
| Afskriftareikningur útlána í hlutfalli af útlánum og veittum ábyrgðum | 13,6% | 2,1% | 15,7% | 20,2% |

## Markaðsverðbréf og eignarhlutar í félögum

26. Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

| | Markaðsverð | Bókfært verð |
|---|---|---|
| Veltuskuldabréf: | | |
| Önnur skráð bréf | 37.390 | 37.390 |

27. Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Veltuhlutabréf: | |
| Óskráð hlutabréf | 7.729 |
| Fjárfestingarskuldabréf: | |
| Óskráð skuldabréf | 87.471 |
| Samtals | 95.200 |

Fjárfestingarhlutabréf greinast þannig:

| | Eignarhlutur | Arður | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|---|
| Sænes hf., Grenivík | 11,5% | 0 | 74.200 | 74.200 |
| Pharmarcitica ehf., Grenivík | 34,8% | 0 | 6.000 | 3.000 |
| FSP hf., Rvk. | 0,4% | 0 | 2.966 | 2.966 |
| Tækifæri hf., Akureyri | 0,3% | 0 | 3.453 | 2.866 |
| Creditinfo Group hf., Rvk. | 0,4% | 0 | 1.207 | 1.207 |
| Sparisjóður Vestfirðinga, Þingeyri | 0,6% | 0 | 983 | 1.000 |
| Verðbréfaþjónusta sparisjóðanna hf., Rvk. | 0,5% | 0 | 737 | 974 |
| Greiðslumiðlun hf., Rvk. | 0,1% | 219 | 821 | 666 |
| Intrum á Íslandi ehf., Rvk. | 0,1% | 0 | 626 | 297 |
| Kreditkort hf., Rvk. | 0,1% | 176 | 441 | 268 |
| Eignarhlutir í 3 öðrum félögum | | 5 | 24 | 27 |
| Fjárfestingarbréf, samtals | | 400 | | 87.471 |

28. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

| | Eignarhlutur | Hlutdeild í afkomu | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|---|
| Icebank hf., Rvk. | 0,4% | 22.361 | 2.709 | 46.825 |
| Reiknistofa bankanna, Rvk. | 0,5% | 0 | 1.321 | 1.321 |
| Tölvumiðstöð sparisjóðanna, Kópav. | 0,3% | ( 327) | 590 | 590 |
| Hlutdeildarfélög samtals | | 22.034 | | 48.736 |

## Eigið fé

35. Stofnfé sparisjóðsins nemur 36,6 millj. kr. og skiptist það á 80 aðila.

36. Yfirlit um eigið fé:

| | Stofnfé | Varasjóður | Samtals |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2006 | 31.276 | 118.162 | 149.438 |
| Sérstakt endurmat | 1.629 | ( 1.629) | 0 |
| Endurmat vegna verðlagsbreytinga | 3.672 | ( 3.672) | 0 |
| Hagnaður ársins | | 19.522 | 19.522 |
| Eigið fé 31.12.2006 | 36.577 | 132.383 | 168.960 |

37. Eigið fé í lok árs nemur 169,0 millj. kr. eða 11,0% af niðurstöðu efnahagsreiknings. Eiginfjárhlutfall sparisjóðsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 21,8%. Samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Hlutfallið reiknast þannig:

| | Bókfærð staða | Vegin staða 2006 | 2005 |
|---|---|---|---|
| Áhættugrunnur | | | |
| Bókfærðar eignir | 1.542.295 | 909.557 | 804.337 |
| Eignir til frádráttar eigin fé | | ( 26.496) | ( 4.046) |
| Ábyrgðir og aðrir liðir utan efnahagsreiknings | | 16.463 | 26.854 |
| Áhættugrunnur samtals | | 899.524 | 827.145 |

Eigið fé:

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Eiginfjárþáttur A: | | |
| Bókfært eigið fé | 168.960 | 149.438 |
| Eiginfjárþáttur B: | | |
| Víkjandi lán | 53.679 | 50.191 |
| Eignir til frádráttar eigin fé | ( 26.496) | ( 4.046) |
| Eigið fé samtals | 196.143 | 195.583 |
| Eiginfjárhlutfall | 21,8% | 23,7% |

## Skattamál

38. Frá og með rekstrarárinu 2006 er sparisjóðurinn skattskyldur. Ekki kemur til skattgreiðslu á rekstrarárinu 2006 vegna yfirfæranlegs taps.

## Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

39. Sparisjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir. Þessar ábyrgðir og yfirdráttarheimildir greinast þannig:

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna | 17.783 | 26.615 |
| Ónotaðar yfirdráttarheimildir | 72.012 | 92.330 |